



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Samtök iðnaðarins

Alþingi
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8 -10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 28.11.2005

Efni: Umsögn SA og SI um stjórnarfrumvarp til vatnalaga, 286 mál

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins eru sammála þeirri stefnu sem fram kemur í frumvarpinu og tryggir eignarrétt landeigenda á vatnsauðlindinni á sama hátt og gildir um aðrar auðlindir sbr. lög nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Frá því frumvarpið kom til umsagnar fyrr á þessu ári hafa verið gerðar á því og greinargerðinni nokkrar breytingar sem eru til bóta og er þar að mestu sinnt þeim ábendingum sem fram komu í fyrri umsögn samtakanna.

Ástæða er þó til að lýsa yfir áhyggjum af umfangsmiklu eftirliti Orkustofnunar og að allar framkvæmdir í vötnum skuli tilkynntar Orkustofnun hvort sem þær eru smáar eða umfangsmiklar.

Lagt er til að orðalagi 35. gr. frumvarpsins verði breytt og notað sambærilegt orðalag og í 10. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu þar sem landeigendum er gert heimilt að hagnýta jarðhita að ákveðnu marki en tilkynna stofnuninni um "...jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir...". Þannig yrðu minni háttar framkvæmdir ekki tilkynningaskyldar enda augljóst að útilokað er að fylgjast með því hvort einhverjar minni háttar breytingar á skurðum á eignarlandi hafi átt sér stað svo dæmi sé nefnt. Í reglugerð þeirri sem frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir má svo gera nánar grein fyrir því hvaða framkvæmdir teljist tilkynningaskyldar. Tekið er undir almenna umfjöllun um IX. kafla frumvarpsins í greinargerðinni og það að "lausung og losarabragur" við framkvæmdir geta komið illa niður en á það er minnt að gildissvið frumvarpsins er mjög vítt og mun víðara en gildissvið núgildandi vatnalaga þar sem mönnum er heimilt að hagnýta sér minni háttar vötn með einfaldari reglum en um önnur vötn (9. gr. 1 nr. 15/1923) og því er ástæða til að vara við að landeigendur verði undantekningarlaust gerðir brotlegir við lög vegna minni háttar framkvæmda sem ekki verða tilkynntar.

Eins er bent á að breyting á orðalagi í 3. mgr 35 gr. frá fyrra frumvarpi hefur að því er virðist raskað þeirri meiningu sem að er stefnt: Orkustofnun setur skilyrði sem **talín** eru nauðsynleg.

Mikilvægt er að vatnafélög fái rýmri tíma til að laga starfsemi sína að nýjum lögum en gert er ráð fyrir í 42. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Samtök atvinnulífsins

Pétur Reimarsson

Samtök iðnaðarins

Bryndís Skúladóttir